

skal vera á virkum dögum milli kl. 9.00 og 18.00, en á laugardögum þó aðeins milli kl. 9.00 og 12.00.

Lögreglustjóri getur ákveðið, að gjaldskylda sé lengur en að framan greinir, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, þegar sérstaklega stendur á.“

## 2. gr.

Regla þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum er hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. desember 1972.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

20. desember 1972.

Nr. 346.

**AUGLÝSING**

**um umsóknargjald og árgjald, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 132/1971, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.**

Umsóknargjald er kr. 1 000.00 með hverri umsókn og árgjald kr. 500.00 af hverju efni eða efnasamsetningu er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir plöntulyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

20. desember 1972.

Nr. 347.

**AUGLÝSING**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.**

## 1. gr.

47. gr. orðist svo:

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Akureyrar skal vera 45 km miðað við klukkustund í þéttbýli, en 70 km utan þéttbýlis.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. október 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*